

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum
Próf í endurskoðun og reikningsskilum – fyrri hluti
7. október 2024
kl. 9:00 – 16:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 90 mín.

Þér hefur boðist að vera aðstoðarkennari í grunnnámskeiði í endurskoðun í M.Acc námi við háskólann. Umsjónarkennarinn biður þig að taka að þér að fara yfir gildi siðareglna IFAC, grundvallarreglur þeirra (e. fundamental principles) og hugmyndafræðilegan ramma (e. conceptual framework) í einni kennslustund. Þú ert ekki með mikla reynslu í kennslu en vilt standa þig virkilega vel. Þú veist t.d. að það skiptir miklu að vera með góð dæmi til að útskýra efni sem þetta. Þú ákveður því að skrifa nokkuð nákvæmlega niður hvað þú ætlar að segja í fyrirlestrinum, hvaða dæmi þú ætlar að taka og hvernig þú ætlar að tryggja sem best að nemendur þínir hafi góðan skilning á viðfangsefninu eftir kennslustundina.

Úrlausnarefni:

Skrifaðu fyrirlesturinn í öllum meginatriðum og útskýrðu hver er tilgangur siðareglanna. Skýrðu vel hverja og eina af grundvallarreglunum í samhengi við störf endurskoðenda. Skýrðu jafnframt hvernig endurskoðendur geta sem best tryggt fylgni við grundvallarreglurnar, brugðist við aðstæðum sem ógna því að þeim sé fylgt og hvað annað sem mikilvægt kann að vera að hafa í huga við beitingu grundvallarreglnanna. Nefndu dæmi sem hjálpa til við skilning á hverri reglu, ógnunum og viðbrögðum. Vísaðu jafnframt í einstakar greinar siðareglanna eftir því sem við á.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 90 mín.

Skarðshyrna hf. er gamalgróið félag sem lengst af hefur verið í eigu þriggja kynslóða sömu fjölskyldu. Nýverið var hlutafé félagsins selt nokkrum fjárfestum og sérhæfðum fjárfestingarsjóði sem er að mestu í eigu nokkurra lífeyrissjóða. Nýir eigendur hyggjast auka umsvif félagsins á næstu árum með yfirtökum á öðrum félögum í sambærilegum og tengdum rekstri og hófust handa við það á árinu 2023. Langtímamarkmið nýrra eigenda er að skrá félagið á markað og selja þá hluti í því. Því hefur félagið fengið heimild til að gera reikningsskil sín fyrir árið 2024 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Undanfarið hefur verið unnið að því að breyta framsetningu ársreiknings félagsins fyrir árið 2023 til samræmis við staðlana. Uppgjörsmeistari félagsins, sem er gamall í hettunni, óskar eftir aðstoð þinni við að laga sjóðstreymið að reglum staðlanna, en segist skorta þekkingu og að nokkru skilning á þessum reglum. Sjóðstreymið, sem liggur fyrir, hefur verið gert í takt við ársreikningalög og það sem almennt hefur tíðkast í þeim efnun.

Uppgjörsmeistarinn leggur fyrir þig endurgerðan rekstrarreikning ársins 2023, efnahagsreikning í ársbyrjun og árslok 2023 og eiginfjárfirlit fyrir árið 2023, ásamt nokkrum greiningum sem hann hefur tekið saman um skiptingu einstakra liða og byggja á aðalbók félagsins fyrir árið 2023 og þróun liða frá upphafi til loka ársins 2023 (fylgiskjal 1). Eftirfarandi upplýsingar liggja einnig fyrir:

- Þann 1. júlí 2023 tók Skarðshyrna hf. yfir allt hlutafé í Sölku ehf. Samningur um kaupin var gerður þann 11. maí sama ár með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Úrskurður Samkeppniseftirlitsins um að yfirtakan væri heimil lá fyrir 30. júní og þann 1. júlí var kaupverðið greitt, haldinn hluthafafundur í Sölku ehf. og skipt um stjórn.
- Kaupverð Sölku ehf. nam 21.800, þar af voru 3.000 greiddar með handbæru fé, 3.800 með útgáfu skuldabréfs til seljanda og það sem á vantaði með 2.500 nýjum hlutum í Skarðshyrnu hf. Skuldabréfið er óverðtryggt, ber 12% vexti, sem eru markaðsvextir við útgáfu, og er með einni afborgun vaxta og höfuðstóls 1. júlí 2025. Handbært fé dótturfélagsins við yfirtökuna var 2.816.
- Afskriftir rekstrarfjármuna eru færðar sem hluti kostnaðarverðs seldra vara og sem annar rekstrarkostnaður.
- Rekstraráhrif dótturfélagsins voru jákvæð um 1.215 á seinni hluta ársins samkvæmt ársreikningi Skarðshyrnu og hlutdeild í þýðingarmun dótturfélagsins, sem færð var á aðra heildarafkomu Skarðshyrnu, var neikvæð um 146.
- Keyptur var hluti í hlutdeildarfélagi á árinu. Hlutturinn var greiddur með handbæru fé.
- Hlutdeild í þýðingarmun hlutdeildarfélaga, sem færð er í aðra heildarafkomu, var samtals 1.732.
- Ekkert var fjárfest í skuldabréfum og eignarhlutum í öðrum félögum á árinu, en þessar eignir mynda liðinn aðrar fjárfestingar.

- Næsta árs afborganir af skuldabréfaeign, sem er hluti annarra fjárfestinga, eru færðar meðal viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna. Allar umsamdar afborganir ársins skiluðu sér.
- Með handbæru fé er talinn ríkisvígill sem keyptur var 15. október 2023 á 1.420, með gjalddaga 2. febrúar 2024. Bókfært verð ríkisvígilsins í árslok er 1.435.
- Seldir voru eigin hlutir gegn staðgreiðslu til starfsmanna fyrir 1.125.
- Arðgreiðsla til hluthafa þann 20. desember nam 1.128, auk þess sem skilað var afdreginni staðgreiðslu af arðinum fyrir hönd hluthafanna í febrúar 2023.
- Ekki var gert ráð fyrir tekjuskatti til greiðslu á næsta ári í efnahagsreikningi í árslok 2023 fremur en í árslok 2022. Greiddur var tekjuskattur haustið 2023, eftir að í ljós komu mistök við skattútreikninga ársins 2022 og framtalsgerð 2023.
- Innheimtar arðstekjur voru 84, en þær eru hluti fjármunatekna.
- Uppgjörsmeistarinn óskar eftir því að þú fylgir þeirri stefnu félagsins að upphafsfjárhæð sjóðstreymisins sé niðurstaða rekstrarreiknings.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að breyta meðfylgjandi drögum að sjóðstreymisyfirliti fyrir árið 2023, sem uppgjörsmeistari félagsins sagði að gert væri í samræmi við ársreikningalög, í sjóðstreymisyfirlit sem uppfyllir kröfur um framsetningu sem gerðar eru í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Þú þarft að nota formið í svarskjalinu og gera sjóðstreymið þannig úr garði að það sé hægt að nota það í skýringu með ársreikningi 2024, sem sýnir breytingar á því fyrir samanburðarárið 2023. Þú þarft að leiða fram greiðslur tengdar liðum í hreinum fjármagnsgjöldum eins og formið segir til um. Í einhverjum tilvikum gæti þurft að bæta við liðum í sjóðstreymisyfirlitið og fella liði úr því sjóðstreymisyfirliti sem liggur fyrir. Við úrlausn verkefnisins þarf að nota leiðréttingardálk í svarskjalinu til að leiða fram sjóðstreymi í samræmi við almennar kröfur í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Jafnframt þarf að gera örstutta grein fyrir því hvers vegna breytingarnar eru gerðar og vegna hvers fjárhæðir breytast. Máli skiptir að röð liðanna í sjóðstreyminu sé rökrétt og skipuleg. Sýnið alla útreikninga og greiningar.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 3 – 60 mín.

Öll bíðum við spennt eftir að nýja tilskipunin um sjálfbærnireikningsskil (CSRD) verði innleidd og þar með staðlar um sjálfbærnireikningsskil og staðfestingu þeirra. Allmörg félög hafa nú þegar birt og átt að birta ófjárhagslegar upplýsingar í samræmi við grein 66d í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Engar lagakröfur eru um að þessar upplýsingar séu staðfestar af óháðum aðilum en þó nokkur fyrirtæki hafa óskað eftir því að endurskoðendur þeirra veiti einhvers konar staðfestingu á þessum upplýsingum. Þar á meðal er tryggingafélag sem hefur um árabíl verið viðskiptavinur í endurskoðun hjá Endurskoðunarfélaginu, þar sem þú vinnur. Tryggingafélagið vill fá staðfestingu á birtum tölulegum upplýsingum um umhverfismál, starfsmannamál og mannréttindamál. Áritunarendurskoðandinn biður þig að finna eftir hvaða staðli best sé að framkvæma staðfestingavinnuna og gera skjal eða gaumlista þar sem fram kemur að hverju þurfi að huga áður en ákveðið er að taka við verkefninu, hvað þurfi að vera til staðar, hvernig eigi að skipuleggja vinnuna, framkvæma hana, setja fram niðurstöðu og skjala vinnuna og miðað við að staðfestingarvinnan leiði til takmarkaðrar vissu (e. limited assurance) frekar en nægilegrar vissu (e. reasonable assurance).

Úrlausnarefni:

Finndu hvaða staðal þú mælir með að nota og skipulegðu skoðunina með vísan til ákvæða staðalsins allt frá því að ákveða hvort taka eigi við verkefninu og fram að áritun. Ekki er þörf á að skrifa fyrirmynd áritunar í heild sinni.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 4 – 25 mín.

Vindás hf. er félag sem ætlað er að eigi og reki vindmyllugarða víðs vegar um landið. Fyrirhugað er að skrá félagið á hlutabréfamarkað þegar því vex fiskur um hrygg. Félagið hefur því frá upphafi gert reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Félagið vinnur að undirbúningi vindmylluvirkjunar með 100 MW orkuvinnslugetu. Leigt hefur verið vænlegt landsvæði þar sem gert er ráð fyrir að starfsemin fari fram. Gert er ráð fyrir að byggðar verði 40 vindmyllur, sem færðar verða á afskrifuðu kostnaðarverði. Nýtingartími þeirra er talinn vera 30 ár. Í lok nýtingartíma vindmyllanna þarf félagið, samkvæmt starfsleyfi og samningi við landeiganda, að fjarlægja vindmyllurnar og ganga frá landsvæðinu þannig að ekki sjáist nein ummerki um þá starfsemi sem fylgir vindmyllurekstrinum. Kostnað við niðurrif og frágang svæðisins er hægt að áætla með áreiðanlegum hætti byggt á þekkingu sem safnast hefur saman við rekstur sambærilegra virkjana víða í Evrópu.

Félagið leitar til þín um reikningshaldslega meðferð í tengslum við fyrirhugaða virkjun og niðurrifskostnaðinn.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að taka saman hnitmiðaða greinargerð um hvernig skuli fara með niðurrifskostnaðinn í reikningsskilum félagsins við byggingu vindmyllugarðsins, á meðan á rekstri hans stendur og að lokum við niðurrif.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 5 – 30 mín.

Tréverk ehf. á tvær fasteignir sem færðar hafa verið á afskrifuðu kostnaðarverði. Annars vegar er fasteign sem félagið hefur lengi notað sem verkstæði í starfsemi sinni. Hins vegar er skrifstofuhúsnæði sem félagið leigir nú ótengdu félagi, eftir að hafa nýtt það lengi undir eigin starfsemi.

Undanfarin ár hefur hallað nokkuð undan fæti í rekstri félagsins, þó nýlega hafi hagur þess vænkast. Bókfært eigið fé er lágt og eiginfjárhlutfallið sömuleiðis. Félagið hefur nýlega keypt lóð undir íbúðir og fjármagnaði kaupin með bankaláni, þar sem lóðin er sett til tryggingar. Vegna fyrirhugaðrar byggingar íbúðarhúsa á lóðinni þarf félagið lánsfé á framkvæmdatímanum og hefur rætt þau mál við viðskiptabanka sinn. Lánastjóri bankans hefur bent forsvarsmönnum félagsins á bága stöðu þess samkvæmt síðasta ársreikningi, en jafnframt nefnt að hann telji verðmæti fasteignanna tveggja verulega vanmetið í ársreikningi. Þær hafi verið afskrifaðar kerfisbundið með línulegri afskrift um langt árabíll, en séu vel staðsettar og hafi alla tíð verið vel við haldið. Forsvarsmenn félagsins leita til þín um leiðir til að „poppa upp“ fjárhagsstöðu félagsins.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að gera forsvarsmönnum félagsins, sem gerir ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga, grein fyrir því hvaða möguleikar eru til þess að bæta eiginfjárstöðuna með „reikningsskilaæfingum“ eins og þeir segja að lánastjórinn hafi nefnt það í þeirra eyru. Jafnframt vilja þeir að þú gerir þeim grein fyrir hvaða afleiðingar þessar æfingar hafa fyrir framtíðarafkomu félagsins og arðgreiðslumöguleika.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 6 – 100 mín.

Þú leiðir endurskoðunarteymi Fasteignafélagsins hf. sem er fasteignafélag sem skráð er á markað héraðs. Félagið fjárfestir fyrst og fremst í atvinnuhúsnæði sem það leigir út. Félagið er fjármagnað annars vegar með útgáfu skuldabréfa og hins vegar í gegnum lánasamning við viðskiptabanka sinn auk eigin fjár. Rekstur félagsins hefur gengið vel fyrir utan að það tapaði háum fjárhæðum á árinu 2023 vegna gjaldþrots langstærsta leigutaka síns í kjölfar Covid tímabilsins. Þetta var eins skiptis áfall og eru allar fasteignir félagsins nú í útleigu. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og færir þar með útleigugeignir sínar í samræmi við staðalinn IAS 40. Reynsla okkar úr endurskoðun undanfarinna ára er að innra eftirlit með reikningsskilum félagsins sé með ágætum og höfum við eingöngu haft minniháttar athugasemdir á síðustu árum.

Nú er komið að því að skipuleggja endurskoðun ársins 2024 og er það þitt verkefni að gera drög að skipulagsaðgerðum og skjala á þann hátt að áritunarendurskoðandinn geti farið yfir og samþykkt á sem skilvirkastan hátt. Fyrir liggur árshlutareikningur fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2024 sem þú hyggst leggja til grundvallar (fylgiskjal 2). Búið er að fara í gegnum samþykki áframhaldandi viðskipta og verkefnis og leiddi það ferli ekki til einnara athugasemda.

Úrlausnarefni:

Ákvarðaðu mikilvægismörk (e. materiality) og aðgerðamikilvægismörk (e. performance materiality) vegna ársins 2024. Settu fram skýr rök fyrir þeim viðmiðum og hlutföllum sem þú notar við ákvörðun þína.

Gerðu áhættumat í því skyni að draga fram hættuna á verulegri skekkju í reikningsskilunum (e. risk of material misstatement) og tiltaktu hvaða áhættuþættir feli í sér verulega aukna áhættu (e. significant risk). Taktu fram hvaða staðhæfingum stjórnenda greindir áhættuþættir tengjast.

Gerðu drög að endurskoðunarfyrirmælum (e. audit procedures) sem ætlað er að bregðast við þeim áhættuþáttum, og þar með staðhæfingum stjórnenda, sem þú hefur greint.

Gefðu þér þær forsendur sem þér finnst vanta til að geta leyst verkefnið

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel-og/eða word-svarskjali

Verkefni 7 – 25 mín.

Sparibankinn hf. gerir reikningsskil sín samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Rekstur bankans undanfarin ár hefur gengið vel, ef undan er skilið árið 2023 þegar tap varð af rekstrinum. Í reikningsskilum félagsins fyrir fyrri helming ársins 2024 varð hagnaður af rekstri talsvert umfram rekstraráætlun fyrir tímabilið og hefur rekstraráætlun fyrir seinni hluta rekstrarársins 2024 því verið endurskoðuð.

Samkvæmt lögum skal félagið greiða 21% tekjuskatt af skattskyldum hagnaði, auk þess sem greiða þarf 6% af tekjuskattstofni yfir 1.000 millj. í tekjuskatt sem nefnist sérstakur fjársýsluskattur.

Fyrir liggja eftirfarandi upplýsingar um tekjuskattstofn félagsins samkvæmt árshlutareikningi, rekstraráætlun ársins og endurskoðaðri rekstraráætlun. Ekkert bendir til þess að útreikningar á tekjuskatti og tekjuskattsskuldbindingu bankans undanfarin ár séu rangir og hafi áhrif á tekjuskatta ársins 2024, en yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2023 nam 216.650 þús. kr. Allar fjárhæðir í töflunni eru í þús. kr.

				Endurskoðuð
	Áætlun	Áætlun	Raun	áætlun
	1.1. - 30.6.	1.7. - 31.12.	1.1. - 30.6.	1.7 - 31.12.
Sparibankinn hf.				
Fjárhæðir eru í þús. kr.				
Hagnaður fyrir tekjuskatt	625.800	712.400	984.500	915.000
Ófrádráttarbær kostnaður	1.680	1.680	2.900	3.600
Óskattskyldar tekjur	-68.000	-168.000	-298.400	-198.000
Skattskyldur hagnaður	559.480	546.080	689.000	720.600

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að reikna tekjuskattshlutfall bankans (þ.e. samanlagðan tekjuskatt og sérstakan fjársýsluskatt) sem nota skal við útreikninga tekjuskatta í árshlutareikningnum í samræmi við ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Jafnframt þarftu að reikna tekjuskatt og sérstakan fjársýsluskatt fyrir fyrri helming ársins 2024. Sýna þarf alla nauðsynlega útreikninga.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til

Svarið í excel-svarskjali